



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Þinggerð 100. Sambandsþing UMSB **Haldið 31.mars 2022 í Hjálmakletti.**

1. Setning

Guðrún Þórðardóttir setur sambandsþingið fyrir hönd Sonju Lind Eyglóardóttur. Guðrún gerir það að tillögu sinni að þingforseti verði Kristján Gíslason og Flemming Jessen verði varaþingforseti. Það er samþykkt og tóku þeir við fundastjórn.

2. Kosning þingforseta og ritara

Kristján Gíslason er kjörinn þingforseti og Flemming Jessen vara þingforseti. Það er samþykkt og taka þeir við fundastjórn.

Kristján gerir tillögu að Raket Dögg Sigurgeirsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir taki að sér að vera ritara þingsins og er það samþykkt.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Páll S. Brynjarsson, Aðalheiður

Styrkir úr afrekssjóði UMSB:

Páll Snævar Brynjarsson tók til máls fyrir hönd úthlutunarnefndar. Nefndin fór yfir þær umsóknir sem bárust. Alls 5 aðilar hljóta styrk úr Afreksmannasjóði UMSB að þessu sinni.

- Guðbjörg Bjarney Guðmundsdóttir: 100 þúsund krónur. Faðir hennar tekur á móti fyrir hennar hönd.
- Erla Ágústsdóttir: 100 þúsund krónur. Signý móðir hennar tekur á móti fyrir hennar hönd.
- Alexandra Rán Guðnýjardóttir: 100 þúsund kr. Daníel bróðir hennar tekur á móti fyrir hennar hönd.
- Bjarni Guðmann Jónsson: 150 þúsund kr. Sigríður Bjarnadóttir móðir tekur á móti fyrir hans hönd
- Kristín Þórhallsdóttir hlaut 250 þúsund króna styrk og tók hún sjálf á móti þeim styrk.

4. Skýrsla stjórnar og reikningar

Sonja Lind Eygóardóttir fer yfir störf UMSB 2021.

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri UMSB fer yfir reikninga 2021. Opið var fyrir fyrirspurnir úr sal og myndaðist umræða um lottótekjur. Sigríður Bjarna útskýrir hvernig lottótekjur deilast niður á aðildarfélög.

5. Álit kjörbréfanefndar

Aðalheiður Kristjánsdóttir fyrir hönd kjörbréfanefndar fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu. Gild kjörbréf eru: 35 . Vantar frá 3 félögum: GK Sriflu, UMF. Egill Skallagrímsson og Ungmenna og íþróttafélag Hvalfjarðasveitar
Álit kjörbréfanefndar var borið upp til samþykktar og það samþykkt.!

Fulltrúar eru þessir

Golfklúbbur Borgarnes

Guðmundur Daníelsson

Ingvi Árnason

Mótorsportfélag Borgarfjarðar

Magnús Örn Hreiðarsson

Gunnar Árni Hreiðarsson

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Sæunn Kjartansdóttir

Glanni

Snorri Þórðarson

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Eyþór Gíslason

Kristján Gíslason

Marteinn Valdimarsson

Rósa Björk Jónsdóttir

Baldur Pétursson

UMF Skallagrímur

Sigríður Bjarnadóttir

Ingimar Sveinsson

Davíð Guðmundsson

Óðinn Guðmundsson

Þorvaldur Kristbergsson

Páll Snævar Brynjarsson

Jón Theodór Jónsson

Oddný Nöðvardsdóttir

Sölvi Gylfason

Bjarney Bjarnadóttir

Svala Eyjólfsdóttir

Eva Margrét Jónudóttir

Jón Sigurður Snorri Bergsson

Ungmennasamband Stafholtstungur

Helena Rut Hinriksdóttir

Ólafur Daði Birgisson

Reykðælir

Ingi Þór Magnússon

Ingibjörg I. Guðmundsdóttir

Guðrún H Þórðardóttir

Ungmennafélagið Dagrenning

Ólafur Jóhannesson

Íslendingur

Kristján Guðmundsson

Aðalheiður Kristjánsdóttir

Álfheiður Sverrisdóttir

Soffía Björg leikur ljúfa tóna

6. Kosning starfsnefnda þingsins

Kosið um formenn nefnda

Allsherjarnefnd: Páll Brynjarsson

Fjárhagsnefnd: Eyþór Jón Gíslason

Íþróttanefnd: Guðmundur Daníelsson

Kosning samþykkt

7. Inntaka nýrra aðildafélaga

Eitt nýtt félag hefur óskað eftir inngöngu í UMSB: Hjólreiðafélag Vestulands Guðríður Hlín Sigfúsdóttir formaður nýstofnaðs Hjólreiðafélags. Stofnað í febrúar 2022 og nú þegar eru 40 meðlimir/iðkendur skráðir.

Félagið er samþykkt í UMSB með miklu lófataki. Óskum þeim góðs gengis.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar

Oddný tekur til máls: Veltir fyrir sér úthlutunarreglum lottótekna, af hverju úthlutun Lottótekna jókst en skilaði sér ekki til aðildarfélaga.

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri tekur til máls.

Útskýring á þessum mismuni milli færðust 2 milljónir af 2020 yfir á 2021.

Síðan tekur hún fram glæruútskýringar til að útskýra betur útdeilingu Lottótekna. Sjá í viðhengi.

Skipaður hefur verið hópur til að fara yfir útskiptingu lottótekna.

Sportablar verður notaður til að rétta af útdeilingu lottó tekna og starfsstyrkja og mun það auðvelda alla vinnu við þá útdeilingu.

9. Ávörp gesta

Flemming tekur til máls og hann ber kveðju til stjórnar og starfsmanna á 100 ára afmæli sambandsþings fyrir hönd Hjartar Þórarinssonar og hljóðar kveðjan svo:

Hugsjóna eldurinn ennþá er snarkandi
Hjá ungmennum héraðs og fósturjarðar.
Einlægar kveðjur eldhugum fagnandi
Ungmennasambandi Borgarfjarðar

Íslandi allt.

Hjörtur Þórarinsson.

Fyrstur á mælendaskrá er Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitastjóri.
Óskar sambandsþingi til hamingju með 100 árin.
Breytingar á sl árum í sjálfbóðaliðastarfi innan íþróttahreyfingarinnar. Hún þakkar
öllum í salnum fyrir alla sína vinnu í þágu ungmennahreyfingarinnar og þakkar til alls
þessa flotta íþróttafólks sem við eigum í Borgarbyggð.

Hún nefnir samninga Borgarbyggðar og UMSB um starf tómsundarfulltrúa og þessi
framtíðarskref verða gerð í góðu samstarfi við UMSB.

Uppbygging íþróttamannvirkja:

Bygginganefnd skipuð með því leiðarljósi að vera sem næst fjármagnsvaldinu.
Nefndina skipa Silja Eyrún, Magnús Smári, Guðveig Eyglóardóttir og Davíð
Sigurðsson, Flosi Sigurðsson er starfsmaður nefndarinnar og svo verður skipaður
verkefnastjóri.

Í fjárhagsáætlun er áætluð 1,1 milljarður fyrir árið 2022-2025

Liggur fyrir að gerfigras verði lagt á íþróttasvæði og er greining á undirlagi í vinnslu.

Borgarbyggð hefur fjárfest í Þorsteinsgötu 5 til stækkunnar á íþróttahúsinu.

Hún er full bjartsýnar um framtíð uppbyggingar íþróttasvæða í Borgarbyggð.

Að lokum vill hún þakka öllum hérna inni fyrir alla þá góðu vinnu í þágu
hreyfingarinnar, stjórn og starfsmenn UMSB og allir starfsmenn / sjálfbóðaliðar
aðildarfélaga.

Garðar Svansson frá ÍSÍ flytur kveðju frá Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ, sérstakar
kveðjur vegna hundraðasta sambandsþings.

Ánægður með þetta öfluga starf sem er í Borgarbyggð.

Það liggja fyrir á þingi öflugar tillögur en kallar eftir að allsherjarnefnd taki það fyrir
að UMSB taki þátt í lýðheilsuverkefnum ÍSÍ. Ásamt því að hvetja íbúa Borgarbyggðar
að taka þátt í öllum átaksverkefnum sem ÍSÍ stendur fyrir.

Óskar sambandsþingi til hamingju með nýtt Hjóreiðafélag Vesturlands.

Garðar og Sonja Lind hafa verið að ræða samstarf og sameiningu jafnvel íþróttahéröð.
Getur gefið kraft að fylgja eftir starfinu. Vert að skoða umfang og fjármagn
íþróttahéraðana. Skoða nágrannalönd hvernig öll vinna íþróttafélagana er og hvernig
uppbyggingin er.

Hann hvetur öll aðildarfélög að klára skráningar í Sportabler.

Lottótekjur hafa hækkað vegna aukinna tekna hjá Lottó og fleiri úrdrátta. Auknar
tekjur hafa verið greiddar út í arðgreiðslum til íþróttahreyfingarinnar.

Siðareglur: Hafa komið upp ljót atriði innan hreyfingarinnar, nefndir eru að störfum um þessar mundir og tillagan er að samræma siðareglur innan hreyfingarinnar.

Hann hefur áhyggjur af brottfalli úr íþróttum og er hægt að tengja það þessu covid tímabili. Evrópusambandið styrkir sambandið og mun sá styrkur fara beint í það að efla þáttöku í íþróttastarfi.

Hann veitir Gullmerki til Sigríðar Bjarnadóttur fyrir ósérhlífið starf. Unnið sem formaður badminton samband Íslands og gjaldkeri UMSB síðan 2018.

Fulltrúi UMFÍ Hallbera Eiríksdóttir tekur til máls.

Flytur kveðjur frá Einari Eyjólfss nýráðnum fjármálastjóra UMFÍ.

Áhersla árið 2021 var stefnumótun UMFÍ, fyrst á Hótel Geysi og svo á hverjum ársfjórðungi var þessari stefnumótun fylgt eftir.

Framundan er íþróttaveisla UMFÍ.

Landsmót 50+ í Borgarbyggð

Unglingalandsmót á Selfossi

Langstærsta verkefni UMFÍ er ungmennabúðir á Laugavatni og hafa verið starfsmannaskipti þar sem Sigurður Guðmundsson starfar fyrir hönd UMFÍ.

Ungmennaráð UMFÍ er orðið vel starfandi og virkt á öllum landshlutum.

Starfsmerki UMFÍ fær Marteinn Valdimarsson fyrir mikið og gott starf í þágu hestaíþróttar.

Jón G Guðbjörnsson flytur ávarp

10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Tillögur á sambandsþingi UMSB Hjálmakletti 31. mars 2022.

1. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, sbr. þingskjal 1.

Vísad til Fjárlaganefndar

2. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2022.

Vísad til fjárlaganefndar

3. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.

Vísad til allsherjarnefndar

4. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.

Vísað til allsherjarnefndar

5. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 þakkar Hvalfjarðarsveit fyrir samstarfið á liðnu ári.

Vísað til allsherjarnefndar

6. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir að tilnefna Írisi Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2022.

Vísað til allsherjarnefndar

7. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir að tilnefna Rósu Marinósdóttur, Pál Brynjarsson og Írisi Grönfeldt í stjórn Afreksmannasjóðs UMSB og Bjarna Traustason til vara.

Vísað til allsherjarnefndar

8. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi 2022. Mótið verður haldið dagana 24.-26. júní 2022. Við hvetjum einnig sjálfboðaliða til að taka virkan þátt í undirbúningi og vinnu við mótið.

Vísað til Íþróttanefndar

9. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina. Einnig að hvetja aðildarfélög og deildir að upplýsa um þátttökumöguleika í þeim tilgangi að auka þátttöku.

Vísað til Íþróttanefndar

10. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 beinir því til Borgarbyggðar að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi. Íþróttahreyfingin innan UMSB býður fram krafta sína við undirbúning mannvirkja.

Vísað til allsherjarnefndar

Greinargerð:

Eins og við vitum öll er aðstaða til íþróttaiðkunar ekki góð fyrir tiltekna íþróttir í Borgarbyggð og erfitt fyrir nýjar íþróttagreinar að koma inn því lítið er um lausa tíma í íþróttahúsum. Við þökkum fyrir að loks sé búið að ákveða að leggja fjármagn í þetta verkefni á næstu árum og undirbúningur sé hafinn við uppbyggingu á gervigrasvelli og stækkun á íþróttahúsi í Borgarnesi. UMSB leggur áherslu á að það verði farið í framkvæmdir sem allra fyrst og biðlar til sveitafélagsins að leita til íþróttahreyfingarinnar í þeirri hugmyndavinnu sem framundan er.

11. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. Mars 2022 samþykkir framlagðar reglur á Hvatningaverðlaunum UMSB, sjá þingskjal 2.

Vísað til Íþróttanefndar

12. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars samþykkir að skoðunarmenn reikninga UMSB verði Einar Ole Pedersen og Sigríður Bjarnadóttir, til vara Guðmundur Sigurðsson.

Vísað til allsherjarnefndar

13. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir uppfærðar siðareglur UMSB. Sjá upprunalegu siðareglurnar á þingskjali 3a og uppfærðar siðareglur á þingskjali 3b.

Vísað til allsherjarnefndar

14. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir Siðareglur UMSB um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Sjá þingskjal 4.

Allsherjarnefnd

15. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir hegðunarviðmið UMSB. Sjá þingskjal 5.

Vísað til allsherjarnefndar

16. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir tillögu stjórnar UMSB um að öll mál er varða andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs skulu tilkynnt til Samskiptaráðgjafa íþróttá og æskulýðsstarfs.

Greinargerð:

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs tók til starfa árið 2021 eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið.

Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem getur aðstoðað og leiðbeint einstaklingum sem telja sig hafa verið beittir ofbeldi eða misrétti í íþróttá- eða æskulýðsstarfi. Þjónusta samskiptaráðgjafa er gjaldfrjál.

Vísað til allsherjarnefndar

17. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir ósk Badmintondeildar Skallagríms að UMSB setji viðmið um fjölda iðkenda á hvern þjálfara.

Greinargerð:

Badmintondeild Skallagríms óskar eftir því að UMSB setji viðmið um fjölda iðkenda á hvern þjálfara. Tilgangurinn er að auðvelda aðildarfélögum að meta hvenær er þörf á að ráða inn aðstoðarþjálfara þegar fjölgar í iðkendahóp svo að æfingar haldi áfram að ganga vel og skila tilætluðum árangri.

Íþróttanefnd

18. 100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022 samþykkir tillögu stjórnar um að félag og deildir innan UMSB skuli skila inn

undirrituðum eyðublöðum um heimild til sakavottorðsöflunar frá þjálfurum, stjórnarmeðlimum og sjálfboðaliðum sem fara í gistiferðir með börnum og ungmennum til þess að eiga rétt á starfsstyrk frá Borgarbyggð og UMSB.
Vísað til allsherjarnefndar

Þinghlé – nefndir starfa

11. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

- Tillaga 1. Samþykkt
- Tillaga 2. Samþykkt
- Tillaga 3. Samþykkt
- Tillaga 4. Samþykkt
- Tillaga 5. Samþykkt
- Tillaga 6. Samþykkt
- Tillaga 7. Samþykkt
- Tillaga 8. Samþykkt
- Tillaga 9. Samþykkt
- Tillaga 10. Breytingatillaga:

100 sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31 mars 2022 fagnar því að búið sé sé að veita fjármagni til uppbyggingar íþróttamannvirkja í Borgarnesi. Jafnframt beinir þingið því til Borgarbyggðar að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja. Íþróttahreyfingin innan UMSB býður fram krafta sína við undirbúning mannvirkja og leggur þunga áherslu á mikilvægi samráðs við uppbygginguna.

- Tillaga 11. Samþykkt
- Tillaga 12. Samþykkt
- Tillaga 13. Samþykkt
- Tillaga 14. Samþykkt
- Tillaga 15. Samþykkt
- Tillaga 16. Samþykkt
- Tillaga 17. Breytingatillaga :

100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31.mars 2022 samþykkir ósk Badmintondeildar Skallagríms um að UMSB aðstoði aðildarfélög við að setja viðmið um fjölda iðkenda á hvern þjálfara. Aðildarfélög skili viðmiði fyrir formannafund að vori.

Greinargerð:

Badmintondeild Skallagríms óskar eftir því að UMSB setji viðmið um fjölda iðkenda á hvern þjálfara. Tilgangurinn er að auðvelda aðildarfélögum að meta hvenær er þörf á að ráða inn aðstoðarþjálfara þegar fjölgar í iðkendahóp svo að æfingar haldi áfram að ganga vel og skila tilætluðum árangri.

- Tillaga 18. Samþykkt.

- Tillaga 19.

100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022
hvetur sambandsaðila að taka þátt í Lýðheilsuverkefnum ÍSÍ og UMFÍ

Tillaga 20.

100. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 31. mars 2022
beinir því til stjórnar UMSB að hvetja fyrirtæki og stofnanir á sambandssvæðinu til samstarfs
við aðildarfélög UMSB þegar kemur að sveigjanleika vegna íþróttaiðkunar starfsfólks.

Samþykkt samhljóða

12. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Ársreikningur ársins 2021 er samþykktur samhljóða

13. Kosning stjórnar

Uppstillingarnefnd þakkar liðið ár.

Páll S. Brynjarsson kynnir tillögur uppstillingarnefndar.

Sonja Lind býður sig fram til sambandsstjóra.

Það er samþykkt með lófataki.

Guðrún Þórðardóttir býður sig fram til vara sambandsstjóra.

Samþykkt með lófataki.

Borgar Páll Bragason býður sig fram til vara vara sambandsstjóra.

Það er samþykkt með lófataki.

Starf gjaldkera:

Sigríður Bjarnadóttir fer frá störfum og tillaga er að Sölvi G Gylfason tekur við starfi
gjaldkera. Það er samþykkt með lófataki.

Vara gjaldkeri tilnefndur Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, samþykkt með lófataki.

14. Kosning á íþróttþing ÍSÍ

Þessi liður fellur niður og verður á næsta þingi UMSB

15. Önnur mál

Sigríður Bjarnadóttir tekur til máls og þakkar fyrir samfylgdina. Hún biður Sölva velkominn
og óskar honum velfarnaðar í starfi.

16. Þinggerð - þingslit

Kristján þakkar þingi vel unnin störf.

Sonja Lind tekur til máls. Hún þakkar Sigríði Bjarnadóttur fyrir góð störf, hún biður Sölva
velkominn til starfa.

Sonja Lind slítur 100. Sambandsþingi UMSB